

1. taxti		kr.	0 á tímann
2. taxti		kr.	285 á tímann
3. taxti		kr.	718 á tímann
4. taxti		kr.	1 140 á tímann

2. gr.

Ákvörðun um taxa skal tekin eftir viðmiðun við mánaðartekjur þiggjanda og skal þá tekið tillit til hvort um er að ræða einstakling, hjón eða sambýlisfólk. Heimilt er að víkja frá gjaldskránni, ef um sérstakar ástæður er að ræða.

Taxti fyrir einstaklinga:

1. Tekjur undir		kr.	85 000
2. Tekjur milli		—	85 001 og 130 000
3. Tekjur milli		—	130 001 og 175 000
4. Tekjur yfir		—	175 000

Taxti fyrir hjón og sambýlisfólk:

1. Tekjur undir		kr.	130 000
2. Tekjur milli		—	130 001 og 195 000
3. Tekjur milli		—	195 001 og 285 000
4. Tekjur yfir		—	285 000

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við mánaðarlaun starfsfólks heimilisþjónustunnar og er einnig tekið tillit til launatengdra gjalda. Verði breyting á launum starfsfólks ber að breyta gjaldstiganum til samræmis við þær breytingar.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum, sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breytingu á þeim lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

30. mars 1978.

Nr. 171.

AUGLÝSING**um staðfestingu á skipulagi Innri-Njarðvíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 12. apríl 1978 staðfest skipulag fyrir Innri-Njarðvík.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Njarðvíkurbæjar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.